

9. gr.

Reglur þessar gilda fyrst í nóvember 1996 við uppgjör lausafjárhlutfalls vegna október 1996. Þar með falla úr gildi reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana af innlendum skuldbindingum frá 8. apríl 1994.

Reykjavík, 23. september 1996.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 507

18. september 1996

REGLUGERÐ**um (2.) breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga
í lyfjakostnaði nr. 158/1996 .**

1. gr.

4. og 5. málsgrein 1. gr. orðast svo:

Greiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi hámarksverð í smásölu. Viðmiðunarverðið er það sama og smásöluhámarksverð ódýrasta samsvarandi lyfs sem lyfjaverðsnefnd gefur út í lyfjaverðskrá á þriggja mánaða fresti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út lista yfir samsvarandi samheitalyf á fenginni umsögn lyfjanefndar ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. október 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 432/1996 um breytingu á reglugerð nr. 158/1996, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 18. september 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 508

24. september 1996

REGLUGERÐ**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll: